

Nd.

473. Breytingartillögur

[68. mál]

við frv. til l. um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Frá iðnaðarmálaráðherra.

1. Við 1. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „sem þau hafa ráðizt í á árunum 1957—1961“ komi: sem þau hafa ráðizt í á árunum 1957—1962.
2. 2. og 3. gr. verði ein grein (2. gr.), svo hljóðandi:

Lán samkv. lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum og vélum iðnfyrirtækja. Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því, að hún varð til.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu álitni stjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarmálaráðherra.
3. 5. gr. orðist svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og skilyrði fyrir lánveitingum, svo sem ákvæði um lánstíma og hámark veðskulda af matsverði veðs að höfðu samráði við bankana.